

Hið Norðlenzka Styrjufjelag ehf.

Pálsbergsgötu 1

625 Ólafsfjörður

Egilssstaðir, 3.6.2025

UOS2501425/F.Æ.

11.12.02

Efni: Reglubundið eftirlit þann 21. mars 2025 – Hið Norðlenzka Styrjufjelag ehf., Ólafsfirði ID 494

Þann 21. mars sl. fór fram reglubundið eftirlit í fiskeldisstöð Hins Norðlenzka Styrjufjelags ehf. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Eitt eldra frávik var opið þegar eftirlitið fór fram:

- Við alla efnameðferð skal gæta þess að öryggisblöð séu aðgengileg og uppfærð.

Í kjölfar eftirlitsins bárust eftirlitsaðila myndir sem sýna að öryggisblöð eru nú til staðar á viðeigandi stöðum og er frávikuð því lokað.

Ein ábending var sett fram í eftirlitinu er varðar:

- Réttar varúðarmerkingar skulu vera á öllum ílátumsem efni eða efnablöndur eru geymd í.

Fjögur frávik komu fram er varða:

- Gr. 4.4 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal taka saman ársyfirlit og senda eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert. Ársyfirliti fyrir árið 2023 var ekki skilað á tilskildum tíma.
Ársyfirlitinu var skilað þann 28. mars 2025 og er frávikuð því lokað
- Gr. 4.3 í starfsleyfi. Mæla skal magn næringarefna í frárennslisvatni a.m.k. tvísvar á ári. Árið 2023 voru sýni aðeins einu sinni tekin úr frárennsli stöðvarinnar.
- Gr. 4.3 í starfsleyfi. Mæla skal magn næringarefna í frárennslisvatni a.m.k. tvísvar á ári. Árið 2024 voru engin sýni tekin úr frárennsli stöðvarinnar.
- Við geymslu efna skal takmarka mengunarhættu eins og kostur er. Þegar eftirlitið fór fram voru efni ekki geymd í fullnægjandi lekavörn.

Í kjölfar eftirlitsins bárust eftirlitsaðila myndir sem sýna að öll efni eru nú geymd í lekavörn og er frávakinu því lokað.

Umhverfis- og orkustofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 24. júní 2025.

Virðingarfyllst

Freyr Ævarsson
sérfræðingur, teymi eftirlits

Auður Eyberg Helgadóttir
sérfræðingur, teymi eftirlits